

**Mál nr. 291/2020****M og  
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og  
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á Kjalvegi þann 14.8.2020.****Gögn.**

Málskot, móttækið 28.8.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 24.9.2020.

Bréf V2, dags. 17.9.2020.

**Málsatvik.**

A og B var ekið í sömu átt eftir Kjalvegi og var A ekið á undan B. Er ökumaður B hugðist aka vinstra megin fram úr A var henni sveigt til vinstri og aðlægar hliðar bifreiðanna rákust saman.

Ökumaður A kvað veginn hafa verið hræðilegan. Stórar holur hafi verið í honum sem hann hafi í nokkrar mínútur verið að reyna að aka fram hjá. Hafi hraði hans verið 10 km á klst. Þá hafi B komið fyrirvaralaust, ökumaður hennar reynt framúrakstur og ökutækin rekist saman. Hann hafi ekki séð nein merki þess að ökumaður B hafi ætlað að aka fram úr A, hvorki í baksýnisspegli né hliðarspegli. Í málskoti kveður ökumaður A að aðstæður á hægri helmingi vegarins, miðað við akstursstefnu, hafi verið „virkilega slæmar“ og því hafi hann þurft í nokkurn tíma að færa sig reglulega á miðjan veg til að koma í veg fyrir að tjón yrði á A. Í þessu tilfalli hafi ökumaður B reynt framúrakstur án þess að hann hafi tekið eftir honum.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 20 km hraða á klst. og eftir að hafa „dólað“ smá stund fyrir aftan A hafi hann reynt framúrakstur. Ökumaður A hafi fært sig nær vegkanti og hann hafið framúraksturinn með stefnuljósið kveikt. Er hann hafi verið næstum samsíða A hafi henni skyndilega verið sveigt til vinstri og í hlið B.

**Álit.**

Ljóst þykir að vegurinn þar sem áreksturinn varð hafi verið holóttur og erfiður yfirferðar. Af þeim sökum hefur þurft að sýna sérstaka varkárni og tillitssemi við akstur á veginum, sbr. m.a. 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 (ufl.).

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. ufl. skal ökumaður vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti. Þá skal ökumaður, áður en hann ekur til hliðar, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sbr. 2. mgr. 20. gr. laganna. Áður en ökumaður A færði bifreið sína inn á miðju vegarins í þann mund sem áreksturinn varð gætti hann ekki að umferð fyrir aftan sig eins og honum bar. Hann telst af þeim sökum eiga sök á árekstrinum.

Þegar nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir eða afstýra hættu, skal ökumaður gefa hljóð- eða ljósmerki eða á annan hátt vekja athygli annarra vegfarenda á hättunni, en ljósmerki skal gefa með því að blikka aðalljósum, sbr. 1. mgr. 33. gr. ufl. Aðstæður til framúraksturs voru varhugaverðar og lítið mátt út af bregða svo ekki myndi skapast hætta á árekstri. Var því brýnt að ökumaður B gæfi ökumanni A merki um framúraksturinn áður en hann hófst. Á því varð misbrestur hjá ökumanninum, en einungis stefnumerkjagiöf telst ekki hafa verð fullnægjandi eins og hér stóð á. Hann á því einnig sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að hvor ökumanna beri helming sakar.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 29. október 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.